



6.1.5. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018 og 1278/2018

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Stöðuskoðanir leyfisveitanda

Í grein 3.7.3 í byggingarreglugerð segir:

„Leyfisveitandi getur gert stöðuskoðun í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka hvenær sem er á meðan á framkvæmdum stendur. Leyfisveitandi skal taka mið af stærð, umfangi og áhættu einstakra framkvæmda við mat á tíðni stöðuskoðana.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.

Leiðbeiningar

1 Skilgreining á Stöðuskoðun

Í 1.2.1 grein byggingarreglugerðar 112/2012 með síðari breytingum segir:

„**Stöðuskoðun:** Úrtaksskoðun leyfisveitanda, þ.e. annars vegar áfangaúttekt sem lendir í úrtaki í kjölfar tilkynningar byggingarstjóra um lok úttektarskylds verkþáttar og hins vegar að kanna framkvæmd áfangaúttekta og verkstöðu með hliðsjón af skráningum í gagnasafni Mannvirkjastofnunar.“

2 Framkvæmd stöðuskoðunar

a Í 3. mgr. 2.8.1.gr. byggingarreglugerðarinnar segir:

„Leyfisveitandi gerir stöðuskoðun á verki skv. 3.7.3. gr. og hefur þannig eftirlit með því að byggingarstjóri framkvæmi áfangaúttektir samkvæmt skoðunarhandbókum eða að úttektir sem skoðunarstofur annast fari fram. Leyfisveitandi getur ákveðið að annast sjálfur áfangaúttektir eða að skoðunarstofa annist áfangaúttektir sbr. 3. mgr. 3.7.1. gr. Leyfisveitandi beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar ef fyrimælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.“

b Í 3.7.1. gr. byggingarreglugerðarinnar segir:

„Byggingarstjóri annast áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista þegar verkþátturinn er tilbúinn til úttektar.

Leyfisveitandi getur ákveðið ef þörf er á t.d. ef fram koma alvarlegar eða ítrekaðar athugasemdir í stöðuskoðun eða vegna vanrækslu byggingarstjóra, að hann sjálfur, eða eftir atvikum skoðunarstofa, annist áfangaúttektir skv. 2. mgr. Slík ákvörðun getur náð til allra áfangaúttekta vegna tiltekins mannvirkis eða einungis þeirra áfangaúttekta sem lenda í úrtaki í kjölfar tilkynningar byggingarstjóra um lok úttektarskylds verkþáttar. Úttekt eftirlitsaðila skal framkvæmd í samræmi við ákvæði



skoðunarhandbóka og skoðunarlista og er heimilt að úttekt takmarkist hverju sinni við nánar skilgreint úrtak innan ákveðins verkþáttar. Niðurstöður áfangaúttekta skal skrá í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. ...

...Byggingarstjóri skal skrá niðurstöður áfangaúttekta í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Honum er skylt að vera viðstaddur allar áfangaúttektir. Ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda, getur byggingarstjóri veitt aðila með starfsleyfi byggingarstjóra skýrt og afmarkað umboð til að mæta í eða annast tilteknar áfangaúttektir. Iðnmeistari eða sá sem hann tilnefnir í sinn stað skal vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði og undirrita úttekt nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

Sé gerðar athugasemdir í skoðunarskýrslu skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt verði úr og úttekt endurtekin.“

c Í grein 3.7.3 í byggingarreglugerð segir:

„Leyfisveitandi getur gert stöðuskoðun í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka hvenær sem er á meðan á framkvæmdum stendur. Leyfisveitandi skal taka mið af stærð, umfangi og áhættu einstakra framkvæmda við mat á tíðni stöðuskoðana.“

d Í 1. mgr. 3.7.4. gr. byggingarreglugerðarinnar segir:

„Byggingarstjóri skal skrá fyrirhugaða áfangaúttekt í gagnasafn Mannvirkjastofnunar með að minnsta kosti fjögurra klukkustunda fyrirvara.“

e Í Viðauka II 6.1. kafla byggingarreglugerðarinnar segir:

„Við framkvæmd stöðuskoðunar leyfisveitanda skal stuðst við skoðunarlista sem birtur er á vefsíðu Mannvirkjastofnunar.“

f Í Viðauka II 6.2. kafla byggingarreglugerðarinnar segir.

„Tilgangur stöðuskoðunar er annars vegar að framkvæma áfangaúttekt sem lendir í úrtaki í kjölfar tilkynningar byggingarstjóra um lok úttektarskylds verkþáttar og hins vegar að kanna framkvæmd áfangaúttekta og verkstöðu með hliðsjón af skráningum í gagnasafni Mannvirkjastofnunar. Stöðuskoðun er sjónskoðun.“

Tilvísanir

- Byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum